



### 3. BEKKUR

VETURINN 2009- 2010

#### Ágætu foreldrar/forráðamenn

Hlutverk þessa námsvísis er að kynna helstu áherslur í námi barna ykkar. Starfið í skólanum mótast af atburðum líðandi stundar og því kann eitthvað að bætast við og annað verður ef til vill útundan. Athygli skal vakin á því að ýmsar upplýsingar varðandi skólustarfið er að finna á heimasíðu skólans.

Gott samstarf heimilis og skóla er mikilvægur þáttur í uppeldi og fræðslu og stuðlar að árangursríku námi. Heimavinna er góður vettvangur til að tengja saman heimili og skóla og hvetjum við ykkur til að aðstoða börnin ykkar eftir þörfum. Heimanámsverkefni fá nemendur á mánudögum og þeim á að skila á föstudögum. Á fjölskylduvef Mentor ([www.mentor.is](http://www.mentor.is)) verður hægt að lesa um heimanámið og það starf sem fram fer í skólanum. Í vetur verður áfram lögð áhersla á lestrarnám og aðferðir byrjendalæsis notaðar. Nemendur lesa heima og fá kvittun foreldris fyrir lestrinum ásamt hvatningu og hrósi. Mikilvægt er að nemendur temji sér vönduð vinnubrögð og biðjum við ykkur foreldra að leggja áherslu á það í heimanáminu.

Gott er að umsjónarkennari fái vitneskju um ef breytingar verða á högum nemenda til þess að hann sé í stakk búinn til að aðstoða þá ef þörf krefur.

Mikilvægt er að nemendur mæti stundvíslega í skólann, tilkynna þarf í upphafi skóladags ef nemendur eru veikir. Óski foreldrar eftir leyfi fyrir nemendur skulu þeir snúa sér til umsjónarkennara eða skólastjóra. Athugið að öll leyfi eru á ábyrgð foreldra/forráðamanna.

Með von um gott og árangursríkt samstarf í vetur.

Kveðja, Anna Sigrún og Torfhildur

Umsjónarkennarar:

3. ASR Anna Sigrún Rafnsdóttir, [annas@akmennt.is](mailto:annas@akmennt.is)

3. TS Torfhildur Stefánsdóttir, [tobba@akmennt.is](mailto:tobba@akmennt.is)

Hulda Guðný Jónsdóttir, kennari, [huldag@akmennt.is](mailto:huldag@akmennt.is)

Hafdis Kristjánsdóttir, deildarstjóri yngri deildar, netfang: [hafdisk@akmennt.is](mailto:hafdisk@akmennt.is)

Anna Kolbrún Árnadóttir, sérkennari, netfang: [akolla@akmennt.is](mailto:akolla@akmennt.is)

Ragnheiður Njálisdóttir, stuðningsfulltrúi

Heimasíða skólans er <http://www.siduskoli.is> og foreldravefur Mentor [www.mentor.is](http://www.mentor.is)

Þar sem nafn kennara er ekki sérstaklega tekið fram hér á eftir er það umsjónarkennari sem kennir námsgreinina.

# Íslenska

Samkvæmt *Aðalnámskrá grunnskóla* skiptist íslenskan í fjóra námsþætti. Þeir eru: Talað mál og hlustun, lestur og bókmenntir, ritun (stafsetning, skrift, sögugerð), og málfræði. Þessir þættir eiga að styðja hvern annan, tengjast og skarast og fléttast saman sem ein heild og lögð er áhersla á að nemendur þjálfist í íslensku í öllum námsgreinum. Íslenskan er kennd að mestu leyti í gegnum byrjendalæsi.

Proski barna og skilningur á móðurmáli sínu  
er lykill að öllu námi.

## Lestur

**Aðaláherslur:** Að nemendur fái áhuga á lestri og jákvætt viðhorf til lestrarþjálfunar. Að nemendur auki orðaforða sinn og málskilning, geti unnið með eigin texta og lesi skýrt og áheyrilega. Einnig að þeir geti valið sér bók af bókasafni til að lesa sér til ánægju í kennslustofu og heima.

**Kennsluhættir:** Nemendur æfa sig að lesa í hljóði og upphátt hver fyrir annan og/eða fyrir kennarann. Hljóðlestur er að jafnaði þrisvar sinnum í viku og lesa þá nemendur ýmist í heimalestrarbókum sínum eða í bókum sem þeir hafa valið á bókasafni skólans. Unnið er með ýmsar bækur og texta samkvæmt aðferðum byrjendalæsis. Í tengslum við þemanám og byrjendalæsi eru fræðibækur lesnar og skoðaðar. Nemendur eru þjálfaðir í gagnvirkum og endurteknum lestri. Lögð er áhersla á að allir fái lestrarbækur við hæfi.

**Námsefni:** Lestrarbækur við hæfi hvers og eins, verkefnabækur, frjálislestrarbækur, lesskilningsverkefni, heimalestur, ýmis kennsluforrit.

**Uppákomur og heimsóknir:** Dagur íslenskrar tungu. Rithöfundur kemur í heimsókn.

**Heimanám:** Nemendur lesa upphátt á hverjum degi fyrir foreldra sem kvitta fyrir í stílabók. Stundum eru nemendur með vinnubók samhliða lestrarbókinni. Nemendur fá heimalestrarbækur hjá kennara sínum eða á bókasafni skólans. Sérstakt lestrarátak, Lestrarsprettur, verður á vorönn.

**Námsmat:** Í upphafi haustannar athugar umsjónarkennari leshraða hjá nemendum til að geta fylgst með framförum. Lestrarhraði er aftur mældur í október, desember, febrúar og maí. Lesskilningspróf eru lögð fyrir í janúar og maí.

Umsögn í lestri er gefin fyrir á haust- og vorönn. Hún byggist á frammistöðu nemandans á lesskilningsprófum og hversu mörg atkvæði eru lesin á mínútu. Jafnframt er tekið tillit til framfara, áhuga og heimalesturs nemandans.

## Bókmenntir

**Aðaláherslur:** Að nemendur kynnist mismunandi bókmenntatextum svo sem þjóðsögum, ævintýrum, dæmisögum og skopsögum. Skilji hugtökin persóna, söguhetja, upphaf, söguþráður og sögulok. Þeir kynnast verkum nokkurra íslenskra höfunda. Læri vísur og ljóð utanbókar og flytji áheyrilega.

**Kennsluhættir:** Kennari les í nestistímum ýmis bókmenntaverk sem nemendur eru síðan þjálfaðir í að endursegja, spá fyrir um framhaldið og segja álit sitt á. Valdir eru fjölbreyttir textar og sögur eftir innlenda og erlenda höfunda. Unnið með textana eftir aðferðum byrjendalæsis. Nemendur fara reglulega á bókasafn, velja sér bækur til lestrar heima og í skólanum. Bókmenntaverkefni eru unnin á bókasafni í samvinnu við bókasafnskennara.

**Námsefni:** Lesnar verða sögur eftir Gerði Kristnýju, Guðrúnu Helgadóttur, Þórarín Eldjárn, ásamt fleiri innlendum og erlendum höfundum. *Ljóð handa börnum*, ýmsar sögur og ljóð.

**Heimanám:** Nemendur læra ljóð öðru hvoru, sum ljóðin eru skrifuð upp í stílabók og myndskreytt.

**Rithöfundaheimsókn:** Gerður Kristný kemur til að lesa upp úr nýrri bók sinni.

**Bókasafnskennari:** Guðrún Nielsdóttir.

## Málfræði

**Aðaláherslur:** Nemendur læri einföld málfræðiatríði. Þeir þjálfist í að byrja setningar á stórum staf, enda þær á punkti og skrifa sérnöfn með stórum staf. Þeir þjálfu notkun stafrófsins, æfa sig í að þekkja mun á eintölu og fleirtölu, finna samheiti og andheiti, vinna með samsett orð, greini, þekkja nafnorð og fallbeygja þau munnlega, þekkja sagnorð og lýsingarorð og einfaldan og tvöfaldan samhljóða.

**Kennsluhættir:** Kennari leggur inn ný málfræðiatríði ýmist fyrir hóp nemenda eða allan bekkinn. Reynt er að gera námið að leik t. d. þegar greina á sérnöfn í setningum, fallbeygja nafnorð og finna einfaldan og tvöfaldan samhljóða. Málfræðiatríði eru þjálfuð í byrjendalæsi en einnig með vinnu í vinnubókum. Nemendur vinna mikið saman, aðstoða hvern annan og leiðrétta vinnu sína saman undir leiðsögn og eftirliti kennara.

**Námsefni:** Vinnubækur með lestrabókum, *Litla Ritrún*, *Ritrún*, efni af veraldarvefnum, *Hljóðskraf*, spil, ýmis verkefni er tengjast byrjendalæsi og annað.

**Heimanám:** Öðru hvoru fá nemendur verkefni til þjálfunar á málfræðiatríðum.

**Námsmat:** Vinna og framfarir metin. Kannanir verða lagðar fyrir.

## Ritun/skrift

**Aðaláherslur:** Að nemendur læri að setja ritsmíðar sínar skipulega upp og að þeir átti sig á því að í sögugerð gerist einhver atburður, það finnist lausn á honum og það komi niðurstaða (upphaf- miðja-endir). Einnig verður lögð áhersla á hæfilega lengd setninga og innra samhengi ritverkanna. Lögð verður áhersla á að nemendur dragi rétt til stafs í tengdri ítáluskrift, noti hjálparlinur rétt og staðsetji hástafi og lágstafi rétt á línu.

Að nemendur geti stafsett algengustu orð rétt og geti skrifað einfaldan texta eftir upplestri og að þeir leggi sig fram um að skrifa vel og vanda allan frágang.

**Kennsluhættir:** Í upphafi vetrar er ritháttur stafa rifjaðir upp. Nemendur skrifa í skrifarbækur, eftir forskrift frá kennara eða eftir strimlum. Stafsetning þjálfuð með því að skrifa eftir réttum texta og eða upplestri. Nemendur rita að jafnaði vikulega í sögubók. Þeir skrifa um eigin reynslu, lýsa hlutum og athöfnum, nota fræðibækur til að lesa sér til og skrifa síðan texta um.

**Námsefni:** *Skrift 3A* og *3B* (Síðuskóli, höf: Jenný Gunnbjörnsdóttir og Sigrún Ásmundsdóttir), *Skrift æfingabók 1*, *Sögubók*, *Lestur og stafsetning*, sögupokar, fræðibækur, myndbönd.

**Heimanám:** Nemendur skrifa í skrifarbók og sögubók.

**Námsmat:** Umsögn við annaskipti. Hún byggist á vandvirkni, framförum, hvernig dregið er til stafs, vinnusemi og skriftarkönnunum sem lagðar eru fyrir í janúar og maí. Í sögugerð er metið sjálfstæði nemenda, hugmyndaauðgi og frágangur.

## Talað mál og framsögn

**Aðaláherslur:** Að nemendur öðlist færni í að lýsa með eigin orðum reynslu sinni, hugsunum og tilfinningum, öðlist færni í að skýra frá atburðum og hlutum í samhengi og nái tókum á að færa rök fyrir máli sínu. Geti farið eftir munnlegum og skriflegum fyrirmælum.

Geti tjáð sig á bekkjarfundum um líðan sína og þau málefni sem eru til umræðu.

**Kennsluhættir:** Bekkjarfundir. Nemendur segja frá eigin upplifun og reynslu í heimakrök og taka þátt í umræðum sem þar fara fram. Þeir lesa upp úr sögubókum sínum, lesa ljóð eða sögu fyrir bekkjarfélaga sína, taka þátt í fjöldasöng á sal og sýna leikþætti fyrir bekkjarfélaga og foreldra.

**Námsefni:** *Að leika og látast*, sögubækur nemenda, vísnaðbækur og fræðibækur.

## Hlustun og áhorf

**Aðaláherslur:** Að nemendur fylgist með umræðum bekkjarfélaga sinna, geti hlustað á upplestur bæði á sögum og ljóðum og farið eftir munnlegum fyrirmælum starfsfólks skólans.

**Kennsluhættir:** Kennari les sögur og ljóð fyrir nemendur. Þeir svara spurningum varðandi efnið sem var lesið. Sýnd eru myndbönd sem unnið er með á sama hátt. Einnig er hlustað á efni af hljóðsnældum og geisladiskum og farið í leiki sem þjálfar athygli, hlustun og eftirtekt.

**Námsefni:** Ýmsar sögur sem lesnar eru fyrir nemendur, sögur af hljóðdiskum, *Að leika og látast* og athyglisleikir.

**Uppákomur og heimsóknir:** Tónleikar með Sinfóníuhljómsveit Norðurlands, árshátíð Síðuskóla í mars, tónleikar og aðrir viðburðir á sal.

**Kennslustundafjöldi á viku:** 7 tímar

## Stærðfræði

**Aðaláherslur:** Að nemendur fái tækifæri til að nota og þróa sínar eigin aðferðir við lausn viðfangsefna og að þeir geti tjáð sig um aðferðir og lausnir sínar í töluðu og rituðu máli. Nemendur læri að leysa orðadæmi og ýmsar þrautir sem tengjast daglegu lífi þeirra. Unnið er með samlagningu og frádrátt, hugtökin einingu, tug, hundrað og þúsund. Einnig verður unnið með einfaldar mælingar, peninga, klukku og mengi. Nemendur læri að margfalda, deila og að nota vasareikni við einfaldar reikniáðgerðir. Nemendur eru hvattir til sjálfstæðra vinnubragða og að þeir nýti sér fjölbreytileika stærðfræðinnar.

**Kennsluhættir:** Þemavinna, hóp-, para- og einstaklingsvinna. Innlagnir á töflu, vinna í stærðfræðibókum, umræður, þrautalausnir, námsleikir og unnið með áþreifanlega hluti. Hópavinna kallar á samvinnunám þar sem nemendur þurfa að taka tillit til hvers annars. Ætlast er til að nemendur læri margföldunartöfluna upp í 5. Nemendum árgangsins er skipt upp í smærri námshópa til að mæta þörfum hvers og eins. Áhersla lögð á að nemendur nýti sér hjálpargögn, s.s. kennslupeninga, talnagrindur, kubba, reglustiku og vasareikni.

Í vetur verður unnið þróunarverkefni í stærðfræðinni í anda byrjendalæsis.

**Námsefni:** *Eining 5, Eining 6*, verkefni með *Einingu, Viltu reyna* bækurnar, *Verkefni fyrir vasareikna 2, 3 og 4*, ýmis stærðfræðihefti, *Línan*, *Stefnum á margföldun*, efni á vefnum og ýmis kennsluforrit.

**Uppákomur og heimsóknir:** Dagur stærðfræðinnar, þá eru unnin sérvalin verkefni samkvæmt þema hverju sinni. Nánasta umhverfi skólans nýtt til ýmissa stærðfræðiverkefna.

**Heimanám:** Nemendur vinna verkefni í stærðfræði, ýmist verkefni sem tengjast *Einingu*, verkefni á vefnum, þrautalausnir og/eða rannsóknir. Oft er heimanámið í stærðfræði samþætt öðrum námsgreinum.

**Námsmat:** Umsögn gefin fyrir haust- og vorönn. Símat og kannanir lagðar fyrir reglulega. Umsögnin byggist á framförum, áhuga, sjálfstæði við að glíma við stærðfræðileg viðfangsefni og niðurstöðum kannana.

**Kennslustundafjöldi á viku:** 5.

## Samfélagsgreinar

**Aðaláherslur í sögu:** Að nemendur kynnist sögu bæjarins okkar og landsins og skilji hvernig umhverfið mótar líf, störf og búsetu fólks í landinu. Skilji að sérhver maður er einstakur en jafnframt hluti af heild - fjölskyldu, skólasamfélagi. Einnig læri þeir um nokkra landnámsmenn og kynnist atvinnuvegum sem standa á gömlum grunni. Nemendur læri um bíla tilurð þeirra og áhrif á umhverfið. Þekki helstu bílahluta og algengustu umferðarmerkin.

**Aðaláherslur í landafræði:** Að nemendur kynnist nánasta umhverfi sínu, læri að lesa staðsetningu á korti með grófum rúðum, átti sig á með hvaða litum land, sjór, vötn, fjöll og jöklar eru táknaðar á hnattlíkani. Geti nafngreint nokkur íslensk fjöll, skilji að saga Þjóðarinnar er samofin landinu. Átti sig á í hvaða formi vatn finnst í náttúrunni og viti hvernig flokkun sorps er liður í endurnýtingu hráefna og þar með náttúruvernd.

**Kennsluhættir:** Samfélagsgreinarnar eru kenndar samþætt við íslensku í byrjandalæsisverkefnum og í hefðbundinni, einstaklings-, hópa- og paravinnu. Lögð er áhersla á að nemendur noti hugtakakort og gagnvirkar lestur.

Fjölbreytt kennslugögn eru notuð, kennslu- og fræðibækur skoðaðar og lesnar, myndbönd sýnd, kennsluforrit notuð, leitað er heimilda á vefsvæðum og farið í vettvangsferðir.

**Námsefni:** *Komdu og skoðaðu landnámið, Komdu og skoðaðu fjöllin, Komdu og skoðaðu bílinn, Kostuleg kort og gröf, Dagblaðabókin mín, ýmsar bækur sem tengjast þemavinnu, myndbönd, kennsluforrit.*

**Uppákomur og heimsóknir:** Heimsókn á bílaverkstæði, Minjasafnskirkjan og Nonnahús heimsótt, bæjarskrifstofur skoðaðar, stefnt á að fara í léttu fjallgöngu og gönguferðir um Síðuhverfi.

**Námsmat:** Áhugi og samvinna nemenda metin, nemendur eru spurðir munnlega um viðfangsefni sín. Umsögn gefin á haust- og vorönn.

**Kennslustundafjöldi á viku:** 2.

## Náttúrufræði og umhverfismennt

**Aðaláherslur í lífvísindum:** Að nemendur átti sig á að allar lífverur þurfa vatn, loft, fæðu og búsvæði til að lifa. Einnig að nemendur þekki algengustu trjátegundir í umhverfi sínu, helstu fugla í heimabyggð og algeng smádýr. Nemendur kanni eigin lífsvenjur og geri sér grein fyrir miklilvægi svefns, hreyfingar, hollrar fæðu og hreinlætis fyrir eigin heilbrigði og líðan. Læri um risaeðlur og lífshætti þeirra.

**Aðaláherslur í jarðvísindum:** Að nemendur skilji algengustu veðurtákn og geti lýst hvað einkennir veðurfar á Íslandi. Geri sér grein fyrir einkennum og mikilvægi vatnsins, kynnist jarðvegi, landslagi, veðurfari og orkunotkun í sínu nánasta umhverfi.

**Aðaláherslur í eðlisvísindum:** Að nemendur geti búið til einfaldar straumrásir, þekki að sumir hlutir leiða rafmagn en aðrir ekki. Geri sér grein fyrir að kraftur kemur ávallt við sögu þegar breyting verður á hreyfingu og að kraftur getur breytt lögun efna. Þekki að sum efni leysast upp í vatni og að gerð og lögun hluta hefur áhrif á hvort þeir fljóta eða sökkva.

**Kennsluhættir:** Áhersla er lögð á rannsóknarvinnu og útikennslu. Að hausti og vori sækja nemendur sér verkefni í nánasta umhverfi skólans sem þeir vinna úr í hópum í skólastofu eða úti. Náttúrufræðin er kennd samþætt við aðrar námsgreinar eins og kostur er. Nemendur vinna saman í hópum, pörum eða einstaklingslega. Þeir læra að skrá niðurstöður sínar og gera sínar eigin vinnubækur. Þeir kynnast því að leita heimilda í bókum og á vef. Tilraunir og athuganir eru gerðar. Myndbönd er tengjast viðfangsefninu eru sýnd og tölvuforrit notuð.

Risaeðluverkefnið verður unnið í samvinnu með 2. bekk.

**Námsefni:** *Komdu og skoðaðu fjöllin, Komdu og skoðaðu himingeiminn, Rafmagn - tilraunir í náttúrufræði, fræðibækur, myndbönd og tölvuforrit.*

**Uppákomur og heimsóknir:** Heimsókn í Norðurorku. Glerárvirkjun skoðuð og umhverfis dagar Síðuskóla.

**Námsmat:** Vinnubók, áhugi og samvinna nemenda metin, nemendur eru spurðir munnlega um viðfangsefni sín. Umsögn gefin fyrir á haust- og vorönn.

**Kennslustundafjöldi á viku:** 2.

## Kristin fræði, siðfræði og trúarbragðafræði

**Aðaláherslur:** Nemendur kynna sögum úr *Gamla testamentinu*. Þeir fræðist um líf og starf Jesú Krists og um ýmis atriði tengd kristinni siðfræði. Kennslan er oft samþætt við lífsleikni.

**Kennsluhættir:** Valdir kaflar úr kennslubókinni *Stjarnan* lesin og reynt að nálgast viðfangsefni bókarinnar út frá hugarheimi nemenda. Oft er gagnvirkur lestur notaður við lestur bókarinnar og þá ýmist bekkurinn í heild eða minni hópar.

**Námsefni:** *Stjarnan*, myndbönd.

**Kennslustundafjöldi á viku:** Kennt er í mismunandi löngum lotum en að jafnaði er 1 kennslustund á viku.

## Listgreinar

### Textílmennt

**Aðaláherslur:** Nemendur þjálfist í útsaumi og vinni eigin hugmyndir með ólíkum saumgerðum. Þeir læri garðaprjón og kynnist þæfingu. Liti dúk með batiklitun (berjalit).

**Verkefni:** Fiðrildi saumað með krosssaumi, lítið prjónastykki, dúkur, ullarþæfing og jafnvel fleiri verkefni.

**Kennsluhættir:** Innlögn í litlum hópum og /eða einstaklingsaðstoð þar sem verkefni eru útskýrð fyrir nemendum, nemendur eru hvattir til að hanna og skapa á sinn hátt.

**Námsgögn:** Grófur strammi og perlugarn, grófar nálar, prjónar, filt, ýmiss konar garn og strammar og ull.

**Námsmat:** Verkefni nemenda, vinnusemi, áhugi og sköpunargleði metin.

**Kennslustundafjöldi á viku:** 1.

### Myndmennt

**Aðaláherslur:** Að nemendur kynnist fjölbreyttum aðferðum í myndmennt og þjálfist í að tjá og lýsa eigin reynslu á myndrænan hátt. Að þeir geri sér grein fyrir verðmætum efna og áhalda og kunni að ganga frá þeim.

**Verkefni:** Myndmenntin er stundum samþætt við byrjendalæsi. Verkefni tengd árstíðum. Unnið verður með frumlitina, litablöndun og grunnformin. Farið verður í grunnþætti í teikningu, ásamt pappírsmótun, klippimyndir, pappírsmótun og þrykk ýmis konar. Farið út í náttúruna og efni safnað, unnið með steina, greinar, strá og laufblöð.

**Kennsluhættir:** Verkleg kennsla, hópinnlögn og einstaklingsaðstoð. Mikið lagt upp úr sjálfstæði í vinnubrögðum og vandvirkni.

**Uppákomur og heimsóknir:** Heimsókn í Listasafnið þar sem listaverk eru skoðuð og rædd.

**Námsefni:** Vefur Námsgagnastofnunar/Listavefur krakka, *Myndmennt 1*, *Markviss myndörvun*.

**Námsmat:** Vinnusemi, frumkvæði, áhugi og frágangur nemenda er metin.

**Kennslustundafjöldi á viku:** 2.

### Tónmennt

**Aðaláherslur:** Mest verður lagt upp úr söng og sungnar vísur og kvæði sem tengast árstíðunum. Nemendur læra um takt (púls og laghryn) og leika á einföld ásláttarhljóðfæri.

**Kennsluhættir:** Lögin æfð með textum einnig notuð einföld ásláttarhljóðfæri.

Nemendur læra einfalda keðjusöngva og einnig að spila saman á ásláttarhljóðfæri.

**Námsefni:** *Tónmennt 3. hefti* kennslubók. *Tónmennt 3. hefti söngvasafn*. *Nýir skólasöngvar*.

**Námsmat:** Frammistaða í tímum metin.

**Kennslustundafjöldi:** 1.

**Kennari:** Gunnar Halldórsson.

## Dans

**Aðaláherslur:** Að nemendur efli eigin hreyfigetu, þekki og skynji hreyfimyndur hópa svo sem raðir, hringi, skálínur og fylgi öðrum. Nemendur læri einföldustu grunnspor í samkvæmisdönsum og gömlu dönsunum. Þau læri að skynja hrynjanda í tónlist og láta hreyfingu fylgja takti. Þau nái samhæfingu handa og fóta. Nemendur þurfa að þekkja og nýta sér almennar kurteisisvenjur í samskiptum þ.e.a.s. bjóða upp í dans, vinna í hópi, taka tillit til annarra og sýna gagnkvæma virðingu.

**Kennsluhættir:** Sýnikennsla fer fram í öllum tímum þar sem kennari sýnir nemendum spor og dansa. Börnin læra að hita upp með ýmsum hreyfingum í takt við tónlist. Í lok hvers tíma fá nemendur að fara í hina ýmsu leiki með tónlistarívaði.

**Dansar:** Chasse á alla veggi, Partí polki ( einföld aðferð ), Cha cha frumspor og ny, Skottís ( aðferð 1), Marsurki, Grease, Samba frumspor og wisk, Klappenade, Enskur Vals og Ómars kántrý.

**Leikir:** Ásadans, Töludans og Stoppdans.

**Uppákomur og heimsóknir:** Foreldrum er boðið að koma í heimsókn og fylgjast með í lok vorannar.

**Námsmat:** Símat þar sem frammistaða nemenda er metin eftir áhuga og getu og umsögn gefin við annaskipti.

**Kennslustundafjöldi á viku:** 1.

**Kennari:** Jóhanna Elín Halldórsdóttir.

## Íþróttir, líkams- og heilsurækt

### Skólaíþróttir

**Aðaláherslur:** Að nemendur tileinki sér góða umgengni, hreinlæti og kurteisi sem og að þeir efli leikgleði, þjálfari hlustun, einbeitingu og jafnvægi. Nemendur auki kraft, fimi, þol og þrek sem og sjálfstæð vinnubrögð og efli samvinnu. Að þeir tileinki sér jákvætt viðhorf til hreyfingar með leikjum og æfingum með og á ýmsum áhöldum. Þá er einnig markmið að bæta fín- og grófhreyfingar nemenda.

**Kennsluhættir:** Sýnikennsla þar sem kennari sýnir og kennir nemendum æfingar og leiki og fær nemendur til að sýna. Nemendur vinna mikið í hópum en þó einnig með einstaklingsæfingar sem reyna á sjálfstæð vinnubrögð. Nemendur nota ekki skó í 3. bekk en þeir mega vera í títíljum eða stjórnusokkum. Ef nemendur geta ekki tekið þátt í íþróttum eða ekki farið í sturtu eiga þeir að koma með miða frá foreldrum eða forráðamönnum þess efnis.

**Námsefni:** Hreyfileikir, boltaleikir, hringþjálfun, stöðvaþjálfun, fimleikar, frjálssar íþróttir, styrktar- og jafnvægisæfingar.

**Námsmat:** Símat á virkni, hegðun og færni nemanda í tímum. Færni í prófum og könnunum gildir 50 % á móti virkni, áhuga og ástundun.

**Kennslustundafjöldi á viku:** 2.

**Kennarar:** Páll Gíslason og Hansína Gunnarsdóttir.

### Skólasund

**Aðaláherslur:** Áfram verður unnið með aðlögun barnsins að vatninu. Að nemendur tileinki sér hreinlæti og góða umhirðu líkamans og læri að hlíta fyrir mælum og öryggisatriðum sundstaðar. Að nemendur upplifi skólasund sem skemmtilega og jákvæða námsgrein og umfram allt að nemendum líði vel í vatninu. Ennfremur að þeir efli líkamlegan og félagslegan þroska, þrek og sjálfstraust og efli skynfæri líkamans og samspil þeirra við útfærslu hreyfinga í vatninu. Stefnit er að nemendur uppfylli

kröfur 3. sundstigs við lok skólaárs.

**Kennsluhættir:** Sýnikennsla, leiðbeiningar og skýringar af bakka og einnig ofan í laug.

Æskilegt er að nemendur mæti með sundgleraugu og í skólasundi er óheimilt að nota stuttbuxur (strandbuxur), aðeins er leyfður hefðbundinn sundfatnaður(sundskýlur eða sundbolir).

**Námsefni:** Öndunar-, flot- og leguæfingar, bringu- og skólabaksundsæfingar, skrið- og baksundsæfingar, kafsund og stunguæfingar, leikir, boðsundsleikir og boltaleikir.

3. sundstigi: 12 metra bringusund, 12 metra skólabaksund með eða án hjálpartækja, 6 metra skriðsundsátök með andlit í kafi og arma teygða fram, 6 metra baksundsátök með eða án hjálpartækja, kafa eftir hlut.

**Námsmat:** Próf í 3. sundstigi. Einkunn gefin fyrir ástundun, áhuga, umgengni og hegðun. Færni í prófi gildir 50 %, á móti virkni, áhuga og ástundun.

**Kennslustundafjöldi á viku:** 1.

**Kennarar:** Rainer Jessen, Hansína Gunnarsdóttir og Páll Gíslason.

## Heimilisfræði

**Aðaláherslur:** Nemendur kynnist helstu heimilistækjum og þjálfist í því að nota eggjárn. Nemendur læri að hnoða gerdeig, smákökudeig og geri einfalda heita og kalda rétti t.d. úr mjólkurvörum.

Nemendur kynnist mælitækjum svo sem desilítramáli og mæliskeiðum. Sérstök áhersla verður lögð á gildi hreinlætis.

**Verkefni:** Brauðkringlur, gulrótarsalat, grænmetisbakki, smákökur, mjólkurdrykkur, skyrúpa, pylsur í felum, kryddbrauð, beyglubrauð, drumbar að hætti kokksins (fylltar tortillakökur) og fleiri verkefni úr kennslubókinni, einnig nokkur verkefni frá kennara.

**Kennsluhættir:** Í upphafi hvers tíma er sest niður og rætt um það sem á að gera og skipt í vinnuhópa, kennari skrifar leiðbeiningar á töflu og gengur á milli nemenda og segir til.

**Námsgögn:** *Hollt og gott* 2 námsefni fyrir 3. Bekk, ýmis heimilistæki, áhöld og efni til matargerðar.

**Námsmat:** Frammistaða og hegðun í öllum tímum metin. Einkunn er meðaltal tekið af frammistöðu í öllum tímum.

**Kennslustundafjöldi á viku:** 2 kennslustundir aðra hvora viku allan veturinn.

**Kennarar:** Erna Guðjónsdóttir 3. TS og Arnfríður Jóhannsdóttir 3. ASR.

## Upplýsinga- og tæknimennt

**Aðaláherslur:** Að nemendur tileinki sér rétta fingrasetningu á lyklaborð og geti ritað einfalda texta í ritvinnslu. Nemendur læri grunnatriði í ritvinnsluforritinu *Word*. Nemendur þjálfist í að nota bókasafnið til að leita upplýsinga í bókum og tölvu varðandi verkefni sem þeir vinna. Einnig verða nemendur þjálfaðir í að leita upplýsinga í dagblöðum.

**Kennsluhættir:** Farið reglulega í tölvustofu og á bókasafn. Unnið með ritþjálfara í bekkjarstofu.

**Námsgögn:** Ritþjálfar, tölvur, dagblöð, kennsluforrit og ýmis verkefni á bókasafni.

**Kennslustundafjöldi á viku:** 1.

**Kennarar:** Umsjónarkennarar og á skólabókasafni Guðrún Nielsdóttir.

## Hönnun og smíði

**Aðaláherslur:** Að nemendur geti beitt einföldum handverkfærum og geti unnið verkefni út frá eigin hugmyndum. Kunni að umgangast verkfæri af öryggi og geti gengið frá þeim.

**Verkefni:** Nemendur hanna og smíða bíl og ef til vill fleiri hluti.

**Kennsluhættir:** Sýnikennsla og nemendur hvattir til að nota eigið hugmyndaflug við útfærslu á verkefnum.

**Námsmat:** Verkefni nemenda eru metin eftir vinnusemi, vandvirkni, áhuga og frumkvæði.

**Kennslustundafjöldi á viku: 1.**

## **Lífsleikni**

**Aðaláherslur:** Nemendur þjálfist í að tjá tilfinningar sínar og geti sett sig í spor annarra, læri að fara eftir leikreglum og geti leyst ágreiningsefni á jákvæðan hátt. Sýni færni í samvinnu, kurteisi og beri virðingu fyrir sér og öðrum.

**Kennsluhættir:** Kennslan fer einkum fram með umræðum í bekknum, sýnikennslu þar sem farið er yfir reglur SMT skólafærni, hópvinnu, paravinnu og verklegri vinnu.

**Námsefni:** SMT - kennaramappa, *Við hjálpum* og *Leika og látast*.

**Uppákomur og heimsóknir:** Vinavika, hollustuvika, söngsalur, skákæfingar.

**Kennslustundafjöldi á viku:** Lífsleiknin er samþætt við aðrar námsgreinar en að jafnaði 1 kennslustund á viku.